

# Samþykktir Búnaðarþings 2. og 3. mars 2020

## FAG-1 Vísinda og rannsóknarstarf landbúnaðarins

Búnaðarþing 2020 telur að efla þurfi mennta-, vísinda- og rannsóknarstarf í landbúnaði.

### *Markmið*

Samkeppnishæfni íslensks landbúnaðar þarf að styrkja með öflugri menntun, vísinda- og rannsóknarstarfi.

### *Leiðir*

Landbúnaðarháskólunum í landinu verði tryggt nægilegt fjármagn til að starfrækja öflugt rannsóknarstarf. Að búa til fleiri hvata fyrir nemendur til að afla sér framhaldsmenntunar á sviði landbúnaðar.

### *Framgangur*

Stjórn BÍ er falið að vinna málinu framgang. Ályktun búnaðarþings 2018 um sama efni er ítrekuð, sem og ályktanir búnaðarþings 2015 og 2016 um landbúnaðarháskóla.

## FAG-3 Mótmæli við aðför að Framleiðnisjóði

Búnaðarþing 2020 mótmælir harðlega þeirri aðför að Framleiðnisjóði sem felst í fyrirhugaðri sameiningu Framleiðnisjóðs og AVS (rannsóknasjóðs í sjávarútvegi).

### *Greinargerð*

Framleiðnisjóður er nýsköpunar- og framfarasjóður greinarinnar. Hann hefur styrkt hagnýt rannsóknar- og þróunarverkefni af ýmsum toga ásamt stuðningi við fræðslumál og verkefni á vegum bænda er lúta að nýsköpun og þróun á bújörðum. Fjármunir til Framleiðnisjóðs koma að nær öllu leyti í gegn um rammisamning BÍ og ríkis og gildir sá samningur til ársins 2026. Á þeim tíma getur ríkið hvorki tekið einhliða ákvörðun um að leggja sjóðinn niður né heldur ákveðið að finna þessum þróunarfjármunum nýjan farveg. Með sameiningu Framleiðnisjóðs og AVS er hætta á að þar hverfi frá landbúnaðinum stuðningur sjóðsins við fjölmörg verkefni sem eru liður í að styrkja byggð vítt um landið en falla ekki beint undir matvælaframleiðslu í þröngri skilgreiningu. Hugmyndir að þessari breytingu, þ.e. sameiningu Framleiðnisjóðs og AVS hafa ekki verið ræddar við BÍ.

## **ALL-2 Hagtölur og mælaborð landbúnaðarins**

Búnaðarþing 2020 samþykkir að leitað verði leiða til að byggja upp mælaborð landbúnaðarins. Markmið Aukið aðgengi upplýsinga um stöðu og þróun landbúnaðar og matvælaframleiðslu á Íslandi sem eru birtar reglulega og sýna breytingar innan árs eða tímabils. Leiðir Bændasamtökin safni saman upplýsingum hjá Hagstofunni, Byggðastofnun, Atvinnuvega-og nýsköpunarráðuneytinu, Ráðgjafamiðstöð Landbúnaðarins, Landbúnaðarháskóla Íslands og fleiri aðilum. Þessar upplýsingar verði svo birtar á vef Bændasamtakanna sem mælaborð.

Framgangur Stjórn BÍ leiti leiða til að koma þessu í framkvæmd.

## **ALL-3 Friðun landsvæða og stofnun þjóðgarðs**

Búnaðarþing 2020 krefst þess að friðun landsvæða og stofnun þjóðgarðs verði ekki gerð nema í samvinnu og með samþykki landeigenda og sveitarfélaga.

Leiðir

Landsvæði verði ekki tekið undir friðunarákvæði án þess að ítarlegt samráð verði haft við alla hagaðila að málinu og horft til áhrifaþátta svo sem atvinnuvega, landbúnaðar og fleira.

Framgangur

Málinu verði fylgt eftir í samræmi við umsagnir Bændasamtaka Íslands um frumvarp til laga um þjóðgarðastofnun og frumvarp til laga um stofnun hálendisþjóðgarðs.

## **UMH-1 Umhverfisstefna landbúnaðarins 2020-2030**

Búnaðarþing 2020 samþykkir meðfylgjandi texta sem Umhverfisstefnu landbúnaðarins 2020-2030.

Markmið Að setja íslenskum landbúnaði stefnu í Umhverfismálum til næsta áratugar. Markmið með stefnumörkuninni erum.a. eftirfarandi:

*1. Að umhverfisstefnan verði leiðarljós einstakra bænda og búgreina sem og landbúnaðarins alls í umhverfismálum.*

*2. Að umhverfisstefnan verði mikilvægt verkfæri við endurskoðun búvörusamninga og aðra framtíðarsamninga ríkis og bænda um umhverfistengd verkefni.*

*3. Að umhverfisstefnan verði mikilvægt verkfæri til markaðssóknar landbúnaðarvara á íslenskum markaði og jákvæðrar ímyndarsköpunar fyrir íslenskan landbúnað.*

Leiðir Umhverfisstefnan fjallar á almennan hátt um landbúnað og umhverfismál og skilgreinir megin markmið íslensks landbúnaðar í umhverfismálum næsta áratuginn. Lagt er til að leiðarljós stefnunnar verði loftslagsmál, sjálfbærni og vistheimt og meginmarkmið landbúnaðar í Umhverfismálum hafi skírskotun í þessa þætti.

## **FÉL- 1 Nýtt skipulag á félagskerfi landbúnaðarins**

Búnaðarþing 2020 felur stjórn BÍ að ljúka endurskipulagningu á félagskerfi samtakanna, við þá vinnu verði tillögur félagskerfisnefndar sem liggja fyrir Búnaðarþingi hafðar til hliðsjónar. Tillögur að nýju og fullmótuðu skipulagi félagskerfisins liggja fyrir eigi síðar en á Búnaðarþingi 2021.

Búnaðarþing leggur ríka áherslu á eftirfarandi þætti:

- • Ein öflug hagsmunasamtök fyrir landbúnaðinn.
- • Bein aðild félagsmanna að BÍ með veltutengdu félagsgjaldi.
- • Byggt á tveimur megin stöðum, bændum og landbúnaðartengdum fyrirtækjum

## **FÉL-2 Jafnréttisstefna Bændasamtaka Íslands**

### **Tilgangur**

Bændasamtök Íslands eru samtök bænda sem starfa að framgöngu landbúnaðar á Íslandi í víðri merkingu. Með jafnréttisáætlun vilja Bændasamtök Íslands stuðla að jafnrétti kynjanna, jafnri stöðu og virðingu kvenna og karla í félagskerfi sínu með því að ryðja úr vegi hindrunum sem geta verið á vegi kvenna og karla. Áætluninni er ætlað það hlutverk að skoða og endurmeta aðstæður á hverjum vinnustað og tryggja sambærilega möguleika fyrir alla starfsmenn. Auknu jafnrétti fylgja ný verkefni, meiri stöðugleiki og aðdráttarafl fyrir nýtt starfsfólk. Stjórnendur og starfsfólk taka höndum saman og vinna markvisst að jafnrétti með hagsmuni allra í huga.

Skv. 18. gr. laga nr. 10/2008 um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla (jafnréttislög) ber fyrirtækjum og stofnunum þar sem starfa 25 starfsmenn eða fleiri að setja sér aðgerðabundna jafnréttisáætlun og samþætta jafnréttissjónarmið í starfsmannastefnu sína. Með tilkomu laga nr. 86/2018 um jafna meðferð á vinnumarkaði ber atvinnurekendum, óháð stærð vinnustaðarins, að tryggja öllu starfsfólki sínu sömu réttindi óháð kynþætti, þjóðernisuppruna, trú, lífsskoðunum, fötlun, skertri starfsgetu, aldri, kynhneigð, kynvitund, kyneinkennum og kyntjáningu. Á smærri vinnustöðum með fáa starfsmenn og einfalda uppbyggingu getur nægt einföld jafnréttisáætlun með fáum en vel skilgreindum markmiðum og aðgerðum. Bændasamtökin vilja fylgja þeim viðmiðum sem þar eru sett óháð stærðar vinnustaðarins og jafnframt stuðla að ofangreindum markmiðum í félagskerfinu öllu.

### **Markmið**

Að auka hlut kvenna í nefndum, ráðum og stjórnunum á vegum Bændasamtaka Íslands með því að leitast við að tilnefna fólk af báðum kynjum. Samtökin leitist við að skapa jákvæða ímynd samtakanna varðandi viðhorf til kynjanna.

Stuðla að því að fjölga konum í störfum þar sem karlar eru í meirihluta og öfugt þar sem það á við.

Bændasamtökin geri nauðsynlegar ráðstafanir til að gera konum og körlum kleift að samræma starfsskyldur sínar og ábyrgð gagnvart fjölskyldu og stuðli þannig að betra jafnvægi milli einkalífs og starfs.

Starfsfólk hljóti sömu kjör fyrir sambærileg störf og að starf sem er laust skal standa opið jafnt konum og körlum. Til að ná því markmiði skal í starfsauglýsingum hvetja jafnt konur sem karla til að sækja um starf og taka fram að unnið sé eftir jafnréttisstefnu.

Konur og karlar njóti sömu möguleika til endurmenntunar, starfsþjálfunar og til að sækja námskeið.

Bændasamtökin skulu tryggja að komið sé í veg fyrir að starfsfólk, nemar og skjólstaðingar verði fyrir kynbundnu ofbeldi, kynbundinni eða kynferðislegri áreitni. Starfsfólk búi við gott og öruggt starfsfúmhverfi þar sem það njóti virðingar.

Lögð verði áhersla á að framlag kvenna og karla verði gert sýnilegt á vettvangi landbúnaðarins. Borin verði virðing fyrir sjónarmiðum og málflutningi kvenna og karla.

Lögð verði áhersla á að ungt fólk í bændastétt verði sýnilegt og að sjónarmið þeirra verði tekin til greina við framtíðarstefnumótun. Sérstök áhersla lögð á ryðja hindrunum úr vegi ungra kvenna og hvetja þær sem starfa eða hafa áhuga á að starfa í landbúnaði.

### **Aðgerðir**

Bændasamtökin skulu kynna jafnréttisstefnu sína fyrir starfsfólki og félagsmönnum. Jafnréttisáætlun skal vera sýnileg utan sem innan samtakanna.

Jafnréttissjónarmið skulu höfð að leiðarljósi við mat á heildarhagsmunum samtakanna sem og við ákvörðun á starfsþróun.

Útbúa þarf viðbragðsáætlun sem inniheldur leiðbeiningar um það hvernig tekið verði á málum sem komið geta upp og varða kynferðislega áreitni eða ofbeldi. Farvegur þeirra mála verði skýr og faglegur.

Hvetja þarf aðildarfélög til að vinna í anda áætlunarinnar.

Bændasamtökin skulu annað hvert ár ráðast í þekkingaröflun og kortlagningu á stöðu jafnréttismála innan samtakanna og landbúnaðarins í heild. Framkvæma stöðumat og uppfæra markmiðssetningu.

Festa í samþykktir ákvæði um aðkomu kvenna og karla í félagsstarfinu og stuðla að útrýmingu neikvæðrar kynbundinnar orðræðu.

## **FÉL-7 Breytingar á samþykktum BÍ og þingsköpum búnaðarþings**

**Flutningsmaður:** Ingvi Stefánsson

### **Greinargerð**

Stjórnin leggur til að aftur verði snúið til þess fyrirkomulags að búnaðarþing verði haldið árlega. Eftir fjögurra ára reynslu af því að halda þingið annað hvort ár og ársfund á móti er það mat stjórnarinnar að það sé sterkara fyrir samtökin að færa fyrirkomulagið til fyrra horfs og því verði ársfundarfyrirkomulagið lagt af. Sú tillaga er því lögð fyrir þingið að fella burt ákvæði um ársfund og tilvísanir til hans úr samþykktum BÍ.

Þá leggur stjórnin jafnframt til að skylda um að félagsmenn í BÍ séu jafnframt í a.m.k. einu aðildarfélagi samtakanna falli brott. Þetta ákvæði hefur reynst þungt í vöfum. Félagsmenn hafa upplifað það sem hamlandi og sumir vilja ekki sætta sig við að það að þeir vilji ganga í eitt félag hafi í för með sér að þeir séu þvingaðir til aðildar að öðru. Stjórnin telur eðlilegt að félagsmönnum sé algerlega í sjálfsvald sett hvaða félögum þeir kjósa að vera aðilar að og þessi skylda verði því afdnumin.

Til viðbótar eru lagðar fram tvær breytingar tæknilegs eðlis á þingsköpum búnaðarþings. Annars vegar eru tekin af öll tvímæli um að halda megi búnaðarþing með rafrænni miðlun gagna og felld niður sú skylda að starfsmenn og aðstoðarmenn á þinginu þurfi að vera starfsmenn BÍ. Þetta er hvort tveggja í samræmi við framkvæmdina á þinginu 2018.

Ljóst er að niðurstaða búnaðarþings 2020 um félagskerfi landbúnaðarins hefur verulega þýðingu um hvernig samþykktir BÍ munu líta út í framtíðinni. Eftir sem áður er það tillaga stjórnar að leggja til þessar breytingar til núna, en niðurstaða þingsins um félagskerfið mun þýða heildarendurskoðun samþykktanna sem kemur þá til afgreiðslu síðar þegar aðildarfélögin hafa fjallað um breytingarnar á sínum vettvangi eins og fram kemur í tillögu félagskerfisnefndar.

1. Tillögur um breytingar á samþykktum BÍ.

### **Eftirfarandi breytingar verði á 3. grein a.: Orðið ársfundur falli brott á þeim tveimur stöðum sem það kemur fyrir.**

3. grein. a.

Aðild að Bændasamtökum Íslands geta átt félög einstaklinga og lögaðila sem stunda búrekstur í atvinnuskyni eða vegna eigin nota. Þessi félög nefnast aðildarfélög Bændasamtaka Íslands og þau eiga öll fulltrúa á búnaðarþingi og ársfundi, sbr. 11. gr.

Stjórn BÍ metur umsóknir nýrra aðildarfélaga og gerir tillögu til búnaðarþings eða ársfundar um afgreiðslu þeirra. Ekki skal veita félagi aðild ef annað félag er þegar aðili sem telja má að starfi á sama svæði og í sömu grein, nema sérstök rök hnígi til þess.

### **Eftirfarandi breytingar verði á a) lið 3. greinar b: Orðin „enda séu þeir félagar í a.m.k. einu aðildarfélagi samtakanna“ falli brott.**

a) Fulla aðild að Bændasamtökum Íslands geta átt þeir einstaklingar og lögaðilar sem þess óska og stunda búrekstur í atvinnuskyni eða vegna eigin nota, enda séu þeir félagar í a.m.k. einu aðildarfélagi samtakanna. Aðild samkvæmt þessum staflíð veitir full réttindi fyrir tvo aðila.

## **Eftirfarandi breytingar verði á 5. grein: Orðið ársfundur falli brott.**

### 5. grein

Stjórn Bændasamtaka Íslands ákveður fjárhæðir skv. 2., 3. og 5. mgr. Ákvörðun um þessar fjárhæðir skal staðfest á búnaðarþingi/ársfundi.

## **Eftirfarandi breytingar verði á 10. grein: Í stað orðanna „annað hvert ár“ komi „árlega“**

10. grein Búnaðarþing er aðalfundur Bændasamtaka Íslands og fer með æðsta vald í öllum málefnum þeirra. Það skal halda annað hvert árlega og heimilt er að halda aukþing.

## **Eftirfarandi breytingar verði á heiti II kafla: Orðið ársfundur falli brott.**

### **II. kafli. Búnaðarþing og ársfundur**

**Eftirfarandi breytingar verði á 12. grein: Greinin falli brott í heild og greinar sem á eftir koma fá ný númer með hliðsjón af því.**

### 12. grein

Ársfund Bændasamtaka Íslands skal halda þau ár sem búnaðarþing er ekki haldið. Á ársfundi skal stjórn samtakanna leggja fram ársskýrslu sína, taka til afgreiðslu reikninga samtakanna og dótturfélaga þeirra fyrir liðið ár og farið yfir fjárhagsáætlun samtakanna. Á ársfundi Bændasamtaka Íslands skal jafnframt fara yfir stöðu landbúnaðarins í heild og fjalla um önnur þau mál sem stjórn samtakanna telur varða heildarhagsmuni greinarinnar hverju sinni. Aðildarfélög geta ekki sent mál til umfjöllunar ársfundar. Með atkvæðisrétt á ársfundi fara búnaðarþingsfulltrúar.

Ársfundur Bændasamtaka Íslands er opinn öllum félögum í samtökunum gegn greiðslu þátttökugjalds sem skal ákveðið af stjórn samtakanna.

Til ársfundar skal boða með almennri auglýsingu með a.m.k. 30 daga fyrirvara en búnaðarþingsfulltrúar skulu boðaðir með tryggilegum hætti. Stjórn Bændasamtaka Íslands skipuleggur dagskrá og framkvæmd fundarins.

**Eftirfarandi breytingar verði á 19. grein: Orðið ársfundur falli brott á þeim tveimur stöðum sem það kemur fyrir.**

### 19. grein

Búnaðarþing eða ársfundur skal á ári hverju kjósa einn löggiltan endurskoðanda Bændasamtaka Íslands og annan til vara. Þá skal kjósa einn skoðunarmann reikninga og annan til vara. Reikningsár samtakanna er almanaksárið. Löggiltur endurskoðandi skal framkvæma venjubundna endurskoðun og skoðunarmaður skal auk þeirrar endurskoðunar sem talin er nauðsynleg, kynna sér starfsemi samtakanna yfirleitt og gera sérstaklega grein fyrir þeim frávikum er kunna að verða frá fjárhagsáætlun búnaðarþings eða ársfundar. Þeir skulu eiga aðgang að öllum skjölum samtakanna og er stjórn og starfsmönnum þeirra skylt að veita þeim þær upplýsingar sem eru nauðsynlegar til framkvæmdar starfsins.

## 2. Tillögur um breytingar á þingsköpum búnaðarþings.

**Eftirfarandi breytingar verði á 5. grein: Við 2. mgr. bætist „Stjórn Bændasamtakanna getur ákveðið að búnaðarþingi skuli haldið með aðstoð rafrænna miðla“**

5. grein

Miða skal við að fundargögn berist fulltrúum eigi síðar en 10 dögum fyrir setningu þings. Stjórn Bændasamtakanna getur ákveðið að búnaðarþing skuli haldið með aðstoð rafrænna miðla.,

**Eftirfarandi breytingar verði á 6. grein: Orðin „fjölrita það og“ falla brott úr 1. mgr. 3. mgr. orðast svo „Stjórn Bændasamtakanna getur falið aðstoðarmönnum að aðstoða einstakar nefndir við störf þeirra“**

6. grein

Á fyrsta fundi hvernar nefndar skal kosinn formaður og varaformaður sem jafnframt er ritari. Nefnd lætur uppi álit sitt og skal fjölrita það og útbýta því meðal þingfulltrúa áður en málið er tekið til umræðu á þinginu. Nefndarálit skal undirritað af nefndarmönnum og tilgreint hver sé framsögumaður.

Stjórn Bændasamtakanna getur falið einstökum starfsmönnum samtakanna aðstoðarmönnum að aðstoða einstakar nefndir við störf þeirra.

**Eftirfarandi breytingar verði á 9. grein:**

**1. mgr. orðast svo „Stjórn Bændasamtakanna tilnefnir ritara til að færa fundargerð þingsins undir stjórn forseta.“**

9. grein

Stjórn Bændasamtakanna tilnefnir einn af starfsmönnum þeirra ritara til þess að færa fundargerð þingsins undir stjórn forseta.

## **UMH-2 Drög að opinberri stefnumótun fyrir lífrænan landbúnað**

Búnaðarþing 2020 samþykkir að unnin verði drög að opinberri stefnumótun fyrir lífrænan landbúnað á Íslandi.

Markmið

Að leggja grunn að stefnu fyrir lífrænan landbúnað á Íslandi. Að leggja mat á möguleika lífræns landbúnaðar til útbreiðslu hér á landi og skilgreina markmið þar um. Slíkt starf gæti skapað grundvöll fyrir opinberri aðgerðaáætlun fyrir lífrænan landbúnað með sérstöku fjárframlagi hins opinbera.

Greinargerð

Í stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar er kveðið á um að auka beri lífrænan landbúnað hér á landi og ýmis markmið þar um hafa heyrst s.s. í tengslum við Græna hagkerfið. Áhugi

neytenda á lífrænt vottuðum afurðum kemur fram í vaxandi innflutningi þar sem innlend framleiðsla hefur ekki staðið undir eftirspurn.

Í lífrænum landbúnaði hefur ríkt stöðnun hér á landi undanfarin ár og stöndum við langt að baki þeim þjóðum sem við viljum bera okkur saman við s.s. í Danmörku þar sem skýr opinber aðgerðaáætlun hefur verið forsenda vaxtar í þessari atvinnugrein. Mörg fleiri lönd hafa sett sér slíka stefnu sem stuðlar m.a. að nýsköpun í landbúnaði og styrkir grundvöll fyrir búsetu í dreifðum byggðum.

Staðan í loftslagsmálum knýr á um breytingar í landbúnaði en hér á landi vegur hvað þyngst nauðsyn þess að dregið verði úr notkun á tilbúnum áburði sem allur er innfluttur. Jafnframt verði að bæta nýtingu búfjáraburðar og auka notkun annarra lífrænna áburðargjafa af ýmsu tagi. Aukin útbreiðsla lífræns landbúnaðar hér á landi eykur líkur á því að slík markmið náist þar sem lífrænn búskapur er hringrásarkerfi og hagstæður til að draga úr útblæstri gróðurhúsalofttegunda en stuðlar einnig að kolefnisbindingu. Þá eru vörurnar markaðsvænar hvað varðar hollustu og umhverfi. Lífrænn búskapur stuðlar að skynsamlegri nýtingu lands og býður upp á ýmis tækifæri til atvinnuþróunar til framtíðar.

#### **ALL-4 - Landbúnaðarstefna**

Búnaðarþing 2020 beinir því til stjórnar Bændasamtakanna að hraða mótun landbúnaðarstefnu.

##### **Markmið**

Að til verði áherslupunktur Bændasamtakanna sem er byggð á grunni stefnumarkmiða aðildarfélaga Bændasamtakanna.

##### **Leiðir**

Bændasamtökin komi á samtali aðildarfélaga sinna, með það að leiðarljósi að fá fram markmið þeirra og sjónarmið.

##### **Framgangur**

Stjórn BÍ sjái um framgang málsins.

Flutningsmaður Guðmundur Bjarnason

#### **INN-3 JARÐAMÁL – Sameinaðar tillögur 1 og 2**

##### **Markmið**

Að tryggja að gott landbúnaðarand nýtist fyrst og fremst til landbúnaðar. Koma í veg fyrir að eignarhald jarða verði á höndum fárra aðila. Mikilvægt er að viðhalda og þróa byggð í landinu og skapa stjórnvöldum betri yfirsýn og möguleika að stýra þróun eignarhalds og nýtingu fasteigna í samræmi við landkosti og með hagsmuni samfélagsins og komandi kynslóða að leiðarljósi.

##### *Leiðir*



- Að stjórn BÍ vinni að umsögn um frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum er varðar eignarráð og nýtingu fasteigna.
- Að stjórn BÍ vinni að umsögn vegna reglugerðar um vernd landbúnaðarlands.
- Að BÍ komi að endurskoðun á landsskipulagsstefnu.
- Að tryggja afkomu landbúnaðarins enn frekar.

#### *Framgangur*

Stjórn BÍ er falið að vinna málunum framgang.

### **INN-4-7 BYGGÐAMÁL- Sameinaðar tillögur**

#### **Raforka – Samgöngur - Fjarskipti**

**Markmið** Að hinar dreifðu byggðir landsins búi við sambærilegar aðstæður og þéttbýli hvað varðar afhendingaröryggi og verð á raforku, samgöngur og fjarskipti. Byggðarstefna BÍ 2016 (BÞ) er ítrekuð auk Samfélag sveitanna 2018 (BÞ).

#### **Leiðir**

- Að fylgja eftir aðgerðalýsingu stjórnvalda um uppbyggingu innviða frá febrúar 2020.
- Að þess verði krafist að flutningskostnaður rafmagns verði jafnaður strax.

**Framgangur** Stjórn BÍ er falið að vinna málunum framgang.

### **INN-3 Áfallasjóður**

#### *Áskorun*

Búnaðarþing 2020 skorar á ríkisvaldið að ljúka vinnu við útfærslu á Hamfara- og Tryggingasjóði.

#### *Framgangur*

Stjórn BÍ er falið að vinna málinu framgang.

### **FJÁ-1 Tillaga fjárhagsnefndar búnaðarþings að félagsgjöldum 2020**

Félagsgjöld að BÍ 2020 verði innheimt skv. eftirfarandi þrepaskiptingu veltu í landbúnaði 2019:

| <b>Velta m. kr.</b> | <b>Félagsgjald</b> |
|---------------------|--------------------|
| 0-5                 | 18.000             |
| 5-10                | 52.000             |

|       |         |
|-------|---------|
| 10-15 | 62.000  |
| 15-20 | 72.000  |
| 20-25 | 82.000  |
| 25-30 | 92.000  |
| 30-35 | 112.000 |
| 35-40 | 132.000 |
| 40-50 | 152.000 |
| 50-65 | 172.000 |
| 65-85 | 192.000 |
| 85>   | 212.000 |

A skv. töflunni hér að ofan.

B kr. 18.000.

C skv. töflunni hér að ofan (velta 0-5 mkr.)

D kr. 18.000.

Til viðbótar verði greiddar kr. 2.000 í Velferðarsjóð með hverju félagsgjaldi.